

### 3. bekkur

#### Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslur þeirra í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang:**

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar>

Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrágerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 3. bekk eru 30.

**Umsjónarkennarar í 3. bekk eru:** Ingibjörg Björnsdóttir og Heimir Freysson

#### Heimavinna

Gert er ráð fyrir að nemendur lesi heima á hverjum degi. Með heimalestrarbókum fylgir hefti sem kvitta skal í fyrir hvern dag og eru í plastmöppu. Ætlast er til að nemendur lesi í heimalestrarbókum fimm sinnum í hverri viku og kvitti í kvitthefti. Umsjónarkennarar skrá síðan heimalestur vikunnar á Mentor. Önnur heimavinna á að vera í teygjumöppu. Nemendur fá möppu með heimavinnu vikunnar ásamt vikuáætlun á föstudögum/mánudögum og eiga að skila möppunni á föstudögum. Heimanám hefst í byrjun september og lýkur í byrjun maí nema heimalesturinn sem er út skólaárið.

Heimavinna er fyrst og fremst til þess að æfa nemendur í atriðum sem hafa verið kennd í skólanum og til þess að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna. Ekki er ætlunin að heimavinnan sé nokkrum ofviða og eru forráðamenn hvattir til að hafa samband við kennara ef svo er. Heimalesturinn er aðalatriðið í heimanámi, bæði lestur fyrir nemendur og markviss lestrarþjálfun við hæfi hvers og eins.

#### Námsmat

Hæfnikort eru grundvöllur fyrir námsmat. Inn í hæfnikortum eru viðmið sem unnið er út frá. Með þeim fá kennarar/nemendur skýrar leiðbeiningar um hvað á að meta hvernig á að meta hæfni nemenda miðað við þau hæfniviðmið sem sett eru. Hæfnikort inniheldur öll þau viðmið sem á að meta fyrir hverja námsgrein fyrir sig á einum stað þannig að hæfnikort nemenda eru hæfniviðmið skólans. Kennarinn skipuleggur kennslu út frá hæfnikortum og metur hvar nemandi er staddur. Greinandi mat er fyrst og fremst til að greina sértækan námsvanda. Leiðsagnarmat er til að fylgjast með og sjá stöðu nemenda meðan á námi stendur þ.e. það ferli að afla upplýsinga um hvar nemandi er staddur í námi sínu og túlka þær. Til þess eru m.a. notuð lesfímipróf ásamt öðrum matstækjum.

#### Íslenska

##### Talað mál, hlustun, lestur, bókmenntir, ritun

Unnið er út frá kennsluáðferðinni Byrjendalæsi. Byrjendalæsi er nálgun eða aðferð í lestrarkennslu í fyrstu bekkjum grunnskólans og er hún samvirk kennsluáðferð. Hún byggir á heildstæðri nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Unnið er með tal, hlustun, lestur, framsögn og ritun í einni heild.

### **Lestur:**

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Vegna þessa er mikilvægt að foreldrar og þeir sem annast börn séu meðvitaðir um mikilvægi lestrarnámsins og nái að skapa örvandi umhverfi varðandi mál, lestur og ritun. Það skiptir miklu fyrir börn að sjá foreldra sína lesa og að lestur sé hluti af daglegu heimilislífi. Ef fjölbreytt lesefni er sýnilegt á heimili og börn sjá foreldra taka sér lesefni í hönd hefur það áhrif. Jafnframt er afar mikilvægt að börn lesi í fríum því ef þau lesa ekki yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við um börn sem stríða við lestrarörðugleika en það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu færni eftir löng frí.

Í Glerárskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima á hverjum degi í a.m.k. 15 mínútur, fimm sinnum í viku undir handleiðslu fullorðinna sem kvitta fyrir lesturinn í þar til gerða bók. Gott er að hafa reglu á heimalestrinum þannig að lesturinn verði hluti af daglegum venjum og að skapa frið og ró í kringum lestrarstundina.

### **Ritun (rituð frásögn, skrift og stafsetning)**

**Skrift** er metin með því að athuga reglulega hvernig nemandi dregur til stafs. Skoðuð eru sýnishorn og metnar framfarir í formlegum skriftar verkefnum og í frjálsri ritun. Tekið er mið af vinnu hvers nemanda a.m.k. tvisvar sinnum á önn til að meta framfarir. Nemendur taka þátt í að meta eigin skrift með því að bera saman sýnishorn. Sýnishornin liggja til grundvallar námsmati og rædd við foreldra og nemendur.

**Frásögn og málnotkun** er metin með því að fylgjast með frammistöðu nemenda í fjölbreyttum verkefnum þar sem reynir á notkun á einföldum málfræðiatríðum og vald á tungumálinu. Skráð er reglulega hvernig nemandi gengur að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, segja sögur og tala um reynslu sína.

**Námsefni:** Lestrar- og vinnubækur við hæfi hvers og eins. Bækur af bókasafni. Ljóðabók og sögubók. Ritrún 2 og 3, Lesrún 1, og ýmis ljósrituð vinnuhefti. Ítaliúskrift 3a og 3b, ýmis öpp frá mms.is. Chromebook-tölvur eru einnig nýttar m.a. í ritvinnslu. Ítarefni frá kennara.

### **Stærðfræði**

#### **Helstu áhersluatriði:**

Notast er við kennsluefnið Neisti og kennt eftir þeim aðferðum. Kennslan einkennist af athugunum, greiningu og rökrænni hugsun. Að finna svar er ekki það eina sem máli skipti heldur að skilja hvað liggur að baki dæmunum. Nemendurnir vinna að verkefnum sínum í samvinnu og með umræðum og eiga að geta útskýrt aðferðir sínar og fært rök fyrir vali þeirra. Þessi leið í stærðfræðikennslu snýst því meira um að leysa verkefni en að æfa aðferðir, ásamt því að færa rök fyrir máli sínu. Unnið er með stærðfræði á fjölbreyttan hátt í verkefnum, gagnvirkum sem og á blaði, með hlutbundnum hætti og með umræðum. Við vinnum að jöfnum, deilingu, margföldum, samlagningu og frádrátt, hornafræði, uppsetningu dæma mælingar, rúmmál, venstatákn og mörgum öðrum markmiðum. Nemendur vinna oft að mismunandi verkefnum í kennslustundum, einstaklings-, para- eða hópavinna. Ýmis hjálpargögn eru notuð við kennsluna s.s. talnagrindur, kubbar, málbönd, vasareiknar, gráðubogar, sirklar og fleira.

**Helsta námsefni:** Neist 2b, Neisti 3a og 3b, Sproti 3a og 3b, Stærðfræðispæjarar,

Í undirdjúpunum; samlagning, frádráttur, margföldun og deiling og ýmis öpp.

**Námsmat:** Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem námsstaða er birt í hæfnikorti.

Gerð er námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytilegt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

### **Náttúrufræði/Samfélagsfræði**

Samþætting við Byrjendalæsi þar sem fjallað er um umhverfi í víðu samhengi, bæði manngert og náttúrulegt. Við leggjum áherslu á að nemendur þekki heimabyggð sína Eyjafjörðinn, helstu örnefni og nokkrar sögur tengdar honum. Lagður er grunnur að skilningi á hugtökum í náttúru og umhverfi. Útikennsla er liður í náttúrufræðinni þar sem nemendur skoða nánasta umhverfi sitt og gera einfaldar athuganir á því. Við fjöllum um algengustu húsdýrin á Íslandi og algengustu fuglana í umhverfi okkar. Við fjöllum um árstíðabreytingar og fylgjumst með veðurfari í ákveðinn tíma. Nemendur gera einfaldar tilraunir. Fengist er við verkefni sem tengjast nemandanum sjálfum, uppruna hans og fjölskyldu. Lögð er áhersla á hollustu og hollt mataræði, að nemendur umgangist náttúruna af virðingu og geti flokkað daglegt rusl. Markmið samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu.

**Námsefni:** Halló Heimur 2 lesbók og verkefnabók, Könnun kortin 1, Í sveitinni með Æsu og Gauta, Komdu og skoðuðu hafið, Komdu og skoðuðu land og þjóð.

**Námsmat:** Notast er við leiðsagnarmat, sjálfsmat og greinandi mat og stöðumat þar sem námsstaða er birt í hæfnikorti.

### **Siðfræði og trúarbragðafræði**

**Helstu áhersluatriði:** Samþætting við Byrjendalæsi. Að nemendur temji sér samskiptareglur sem byggja á kærleik og sáttfýsi. Þetta gerum við m.a. með því að lesa fyrir nemendur sögur sem gefa tilefni til umfjöllunar um þessi atriði. Nemendur fræðast um helstu hátíðisdaga kirkjuársins. Komið er inn á fjölmenningu og ólík trúarbrögð. Söngur og leikræn tjáning er þáttur í kennslunni.

Þeir þroskaþættir, sem greininni er ætlað að efla, eru trúar-, siðgæðis- og félagsþroski þannig að nemendur verði hæfari til að taka ábyrga afstöðu í trúarlegum, siðferðilegum og félagslegum eignum.

### **Lífsleikni**

Mikil áhersla er lögð á að efla tilfinningaþroska og samskiptahæfni nemenda. Í fyrstu er lögð áhersla á að vinna með upplifun nemenda við skólabyrjun. Skólinn er skoðaður og allt umhverfi hans til þess að gera nemendur sem öruggasta á þessum nýja vinnustað sínum. Í því sambandi má nefna mikilvægi reglna, að nemendur átti sig á þeim og verði þjálfuð í að fara eftir þeim reglum sem gilda í skólalífinu. Einnig að nemendur geti tjáð sig um líðan sína við starfsfólk skólans og skólasystkin og geti tjáð sig um helstu hugðarefni sín og sagt frá atburðum. Áhersla er lögð á umræður um tilfinningar og að nemendur átti sig á mismunandi tilfinningum. Nemendur fá þjálfun í að setja sig í spor annarra. Jafnframt er unnið með hópinn sem heild með það að markmiði að skapa gott andrúmsloft og góða bekkjarheild. Nemendur fá þjálfun í slökun og teygjum. Lögð er áhersla á að þeir njóti sín í leik og starfi í skólanum, kunni að gleðjast og meta það umhverfi sem þau lifa í. Mikilvægt er að nemendur læri að varast hættur í umhverfinu. Umferðarfræðsla er hluti af lífsleikni. Námsgreinin lífsleikni tengist flestum þeim námsgreinum sem nemendur fást við en ákveðið námsefni liggur þó til grundvallar lífsleiknikennslu sem kennari fylgir eftir í daglegu starfi með nemendum. Kennslan byggist fyrst og fremst á umræðum, hlutverkaleikjum og verklegri þjálfun.

Bekkjarfundir eru fastir liðir í skólastarfinu. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

**Námsefni:** Verkefni sem tengjast jákvæðum aga. Samgöngustofa.is – fræðsla.

Umferðarvefurinn. Umferd.is/kennarar. Umferd.is/nemendur.

## Upplýsingamennt - tölvunotkun

**Helstu áhersluatriði:** Að nemendur komi reglulega á bókasafn skólans og læri að finna sér bækur við hæfi. Lögð er áhersla á að nemendur læri góða meðferð bóka og annarra gagna af bókasafni. Nemendur læra ákveðnar umgengnisreglur varðandi tölvur skólans, ípad-spjaldtölvur og nota kennsluforrit við hæfi.

**Námsefni:** Multi (Norskar Sprota-æfingar), Codespark-forritunarkennsla, Róbótar (Blue-Bot og Sphero), ýmis forrit af mms.is og ýmis öpp.

## Enska

**Helstu áhersluatriði:** Byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart ensku, nemendur kynnist grundvallaratriðum enskrar tungu og geti m.a. myndað og skilið einfaldar setningar. Kennslan að mestu leyti byggð upp á hlustun og tali.

**Námsefni:** Yes we can 3, Speak Out og WorkOut, ljósritað efni frá kennara.

## Myndmennt

**Helstu áhersluatriði:** Hugur - Hönd - Heilbrigði. Áhersla er lögð á að þjálfa huga og hönd til skapandi starfs. Nemendur nýta einfalda grunnþætti myndbyggingar og formfræði við útfærslu eigin hugmynda. Þeir nota fjölbreyttar aðferðir og efni í eigin sköpun, vinna sjálfstætt og taka jafnframt þátt í samstarfi. Þeir þjálfa einbeitingu og þrautseigju til að halda sig að verki. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, góða umgengni um efni og áhöld og frágang á vinnusvæði.

**Námsefni og kennslugögn:** Kennslugögn og námsefni er unnið upp úr ýmsum vefsíðum, bókum og fræðum sem byggja m.a. á teikniþroska, skapandi nálgun, upplýsingatækni og kennslufræði sjónlista. Unnið er með grunnatriði í myndlæsi. Reynt er að gæta fjölbreytni í viðfangsefnum til að gera námið áhugaverðara og við hæfi sem flestra nemenda.

**Helstu kennsluáðferðir:** Stutt kynning við upphaf nýrra verkefna, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar, samvinna og umræður.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat. Námsmat er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem einfölduð hafa verið í námsviðmið til að gera þau eins skilvirk og hægt er við mat tiltekinnar hæfniþátta hjá nemendum. Aðallega er horft til vinnuferlis en að einhverju leyti tekið mið af afrakstri vinnunnar og framfara nemanda. Hæfniviðmið aðalnámskrár eru grunnur námsmats og þau koma fram á hæfnikorti nemandans á Mentor.

**Kennari:** Elsa María Guðmundsdóttir

## Textílmennnt

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur vinni eftir leiðbeiningum frá kennara. Þeir fá innsýn í efni og áhöld sem notuð eru í greininni. Þeir tileinki sér hugtök og undirstöðuatriði textíl greinarinnar

**Kennsluhættir:** Námið er miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, hugur -

hönd - heilbrigði þar sem m.a er lögð áhersla á að nemendur þjálfri verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir sínar. Stuttir fyrirlestrar við upphaf verkefna, sýnikennsla, einstaklings leiðsögn, verklegar æfingar.

**Námsefni:** Efni á veraldarvef, fagbækur af öllu tagi auk fjölbreyttra verkefna frá kennara. Uppskriftir, snið og verkefnablöð.

**Námsmat:** Námsmat byggir á markmiðum í skólanámskrá/Aðalnámskrá grunnskóla, þar sem lagt er mat á hvort nemandi hafi náð settum markmiðum auk annara þátta, og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferli, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði og umgengni auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn.

**Kennari:** Soffía Margrét Hafþórsdóttir

## Heimilisfræði

### ● Helstu áhersluatriði:

- Að nemendur geti gert greinarmun á hollum og óhollum matvælum,
- Geti mælt í heilum og hálfum L, dl og notað allar mæliskeiðarnar,
- Fáí þjálfun í að flysja og skera niður grænmeti og ávexti.
- Að nemendur þekki fæðuflokkana, þekki algeng matvæli og viti hvaðan matvælin koma sem unnið er með og þekki hugtök tengd matargerð fyrri tíma,
- Læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf, þjálfist í að vaska upp í höndum, þrifa og ganga frá sínu vinnusvæði samkvæmt hreinlætiskröfum.
- Að nemendur þjálfist í ýmsum baksturs og matreiðslu aðferðum.
- kynnist næringarefnunum
- temji sér borðsiði, kurteisi og að taka tillit til annarra
- kynnist umhverfismerkjum og temji sér að nota lítið af efnum sem spilla umhverfi

**Kennsluhættir:** Hópastarf og samvinna. Nemendur kynnast helstu áhöldum sem notuð eru í eldhúsi, kynnast fæðutegundum, hollustu, reglum í eldhúsi og almennu hreinlæti. Byggt er ofan á þekkingu úr 2. bekk og leitast er við að gera nemendur enn sjálfstæðari í vinnubrögðum. Þó að unnið sé mest í hópum þá fær hver og einn þá leiðsögn sem hann þarf frá kennara. Viðfangsefni eru helst í bakstri en einnig er unnið með grænmetis og ávaxta flokk. Unnið er reglulega í bókinni Heimilisfræði fyrir 3. bekk.

**Námsefni og kennslugögn:** Heimilisfræði fyrir 3. bekk (les og vinnubók), ljósritaðar myndrænar uppskriftir frá kennara.

**Námsmat** Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá í heimilisfræði fyrir yngsta stig og metið samkvæmt því. Leiðsagnarmat fer fram alla önnina sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan á námi stendur. Einnig er vinnubókin metin.

**Kennari:** Þóra Gígja Jóhannsdóttir

## Hönnun og smíðar

**Helstu áhersluatriði:** Að nemendur geti valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt og gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.

Að nemendur geti dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar, framkvæmt einfaldar samsetningar, bent á ýmis tækni fyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi, greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

Að nemendur geti valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi, sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, beitt líkamanum rétt við vinnu og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

### Námsefni

Bækur, blöð og vefsíður

**Kennsluhættir:** Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar, vettvangsferð.

**Námsmat:** Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hvar nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum út frá þeim hæfniviðmiðum sem eru lögð til grundvallar. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

**Kennari:** Ólafur Viðar Hauksson

## Skólaíþróttir

**Helstu áhersluatriði:** Leikurinn er þungamiðja í kennslu á yngsta stigi. Skynhreyfileikir, hlutverkaleikir, hlaupaleikir og markvissar æfingar sem efla skynfæri líkamans og bæta gróf- og fínhreyfingar. Helstu viðfangsefnin eru hlaup, hopp, kast og grip, spyrnur og jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. Kollhnísar og veltur, þol í hlaupi, gripstyrkur, bolstyrkur og stöðugleiki, samhæfing augna og handa/fóta með og án bolta.

**Leiðir:** Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar æfingar og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Ekki er leyfilegt að vera í skóm í íþróttatímum.

**Námsgögn:** Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

**Kennarar:** Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason

## Skólasund

**Helstu áhersluatriði:** Megináhersla á aðlögun að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Aukin áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í skriðsundi, baksundi, skólabaksundi og bringusundi. Einnig er lögð áhersla á að nemendur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfipörf og félagsleg samskipti.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

**Kennarar:** Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason